

Fundargerð 19. stjórnarfundar
starfstímabilið 2010-2012

Fundurinn var haldinn föstudaginn 19. ágúst 2011 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal og hófst kl. 17:00.

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Sigurður Ingvarsson, Hannes Strange, Forföll: Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Benóný Jónsson, Felix Sigurðsson, Einnig sátu fundinn Gunnlaugur Júlíusson og Jónas Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerð 18. fundar stjórnar.
2. Mál til kynningar/ákvörðunar
 - 2.1. Skýrsla Þorsteins Þorsteinssonar vegna MÍ í júlí sl., dags. 18. þ.m. lögð fram.
 - 2.2. Svar Ólafs Magnússonar við skriflegu erindi frjálsíþróttadeildar ÍR, dags. 26. júlí sl. Ákveðið að senda svarið áfram til ÍR.
 - 2.3. Fundur með mælingamönnum götuhlaupa, 18. ágúst sl. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir helstu atriðum fundarins. Þar kemur fram að mikil breyting verður á fyrirkomulag mælinga og eftirliti með framkvæmd götuhlaupa sem verða viðurkennd af FRÍ og þ.a.l. IAAF og AIMS. Næsti fundur verður haldinn um miðjan sept. nk. og þá er fyrirhugað að koma með tillögur til stjórnar um reglur um mælingar og framkvæmd götuhlaupa. Það verður gert í samráði við Almenningshlaupanefnd og ofurhlauparáð.
3. Stefnumótunarmál.
 - 3.1. Undirbúningur að næsta Frjálsíþróttþingi. Frjálsíþróttþing verður haldið lögum skv. í mars eða apríl á næsta ári. Samþykkt að skipuð yrði fljótlega uppstillingarnefnd sem fengi umboð til að gera tillögur að nýrri stjórn FRÍ. Rætt um möguleika á að flýta þinginu.
 - 3.2. Tillögur um rekstrar- og starfsmannamál. Ákveðið að vinna að þessum málum nánar fram að næsta fundi.
 - 3.3. Fundir eða samráð með sambandsaðilum. Formaður lagði fram lista með atriðum sem samþykkt var að taka til umræðu á fundum með sambandsaðilum í haust. Tímasetning og fjöldi funda verður ákveðinn síðar.
4. Næsti fundur ákveðinn síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:10.

Jónas Egilsson.